

M-88/2011. Álit 16. febrúar 2012.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 16. febrúar 2012 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-88/2011.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 29. september 2011 bað X, hér eftir nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi segir bíllinn hafa verið gallaðan og vill rifta kaupsamningi eða að seljandi taki þátt í viðgerðarkostnaði.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. hinn 5. október 2011 var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Engin andsvör bárust frá seljanda og er álit þetta gefið á grundvelli þeirra gagna sem lágu fyrir nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Hinn 23. júní 2011 keypti álitsbeiðandi notaða bifreiðina MI-593 af gerðinni Ford Focus C-max, árgerð 2004, ekin 135.000 km, af seljanda fyrir kr. 750.000. Álitsbeiðandi segir bifreiðina hafa verið haldna galla sem seljandi hafi vitað um en vanrækt að upplýsa um. Álitsbeiðandi segir að gallinn hafi komið í ljós daginn eftir kaup og þá hafi verið farið fram á að kaupin gengu til baka eða að seljandi tæki á sig viðgerðarkostnað. Álitsbeiðandi seljanda hafa hafnað öllu slíku úrræðum.

Ennfremur segir álitsbeiðandi ekki rétt það sem seljandi sagði fyrir kaupin, að bíllinn hefði rétt nuddast við ljósastaur. Álitsbeiðandi kveður það nú hafa komið í ljós að um miklu meira hafi verið að ræða en eitthvað smávægilegt nudd og miklar skemmdir séu á ökutækinu.

Álitsbeiðandi vill rifta kaupunum eða að seljanda verði gert að greiða fyrir viðgerðir sem hann auðsjáanlega var grandvís um, sbr. hjálagðir reikningar frá Brimborg. Segir álitsbeiðandi að viðgerðir sem ráðast þurfi í vegna galla bifreiðarinnar kosti í kringum kr. 350.000.

IV

Andsvör seljanda

Engin andsvör bárust frá seljanda.

V

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar

nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur málsaðila fellur undir lög um lausafjárkaup nr. 50/2000 (lkpl), sbr. 1. mgr. 1. gr. þeirra laga.

Í a-lið 2. mgr. 17. gr. lkpl. segir að ef annað leiði ekki af samningi skuli söluhlutur henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til. Í 4. mgr. 17. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 1. og 2. mgr. ákvæðisins. Í 1. mgr. 21. gr. kemur fram að við mat á því hvort söluhlutur sé gallaður skuli miðað við það tímamark þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til kaupanda, jafnvel þótt gallinn hafi ekki komið fram fyrr en síðar. Loks segir í 1. mgr. 13. gr. að áhættan flyst yfir til kaupanda þegar söluhlutur hefur verið afhentur í samræmi við ákvæði samnings eða í samræmi við ákvæði 6. eða 7. gr.

Í málinu liggur fyrir kaupsamningur sem aðilar gerðu með sér á bílasölunni Nýju bílahöllinni hinn 23. júní 2011. Í skilmálum samningsins kemur fram að ökutækið seljist „í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sættir sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“ Þá kemur einnig fram í skilmálum samningsins að seljandi staðfesti áreiðanleika gagna og upplýsinga er varða ástand ökutækisins og ber ábyrgð á að þær séu réttar og ítarlega. Ennfremur staðfestir álitsbeiðandi í samningnum með undirritun sinni að bifreiðasali hafi vakið athygli hans á þeim rétti sínum að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins og bent á skoðunarskyldu kaupanda.

1. mgr. 19. gr. lkpl. segir að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum almennum fyrirvara geti hann verið gallaður undir ákveðnum kringumstæðum. Til að um galla sé að ræða í skilningi ákvæðisins þurfa skilyrði a, b eða c-liðar 1. mgr. 19. gr. að vera fyrir hendi. Skilyrðin í stafliðunum eru svohljóðandi:

- a) hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- b) seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða
- c) ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í málinu liggur fyrir reikningur frá Brimborg, vegna viðgerða sem seljandi lét framkvæma, sem dagsettur er 2. júlí 2009 þegar bifreiðin var ekin tæpa 127.000 km. Á reikningnum segir eftirfarandi um viðgerðina:

„Vökvastýri er úti.

Náði ekki að lesa stýri, náði ekki sambandi við EPS.

Fór í tengi á stýrisdælu og var spansgræna upp með pinnum í einu tengi. Spansgræna kemur upp úr dælu.

Hreinsaði upp tengi og setti saman.

Náði sambandi við stýri og var með coda

C1099 ECU Defective og B1342 EPS motor malfunction.

Komin tæring ofan í stýrismótor.

Stýri fór í lag við að hreinsa tengi.

Þarf að skipta um stýrisdælu ef á að vera í lagi.“

Við vinnslu málsins hafði kæruneftndin samband við verkstæði Brimborgar og spurðist fyrir um þennan gamla reikning og viðgerðina sem gerð var. Staðfestu verkstæðismenn að um

hafi verið að ræða tímabundna lausn á vanda í stýrisbúnaði. Hins vegar þurfi til lengri tíma litið að skipta um stýrisdælu. Aðspurðir um hver ætlaður viðgerðarkostnaður sé vegna slíkrar aðgerðar sögðu verkstæðismenn að sjálf stýrisdælan kostaði í kringum kr. 138.000 og vinna við verkið í kringum kr. 30.000. Hins vegar gæti einnig verið að stýrismaskínan hefði skaðast vegna ástands stýrisdælnnar og þá gæti kostnaðurinn hlaupið í kringum þá upphæð sem álitsbeiðandi heldur fram. Verkstæðismenn gátu þó ekki staðfest að svo væri í þessu tilfalli, ekkert í þeirra gögnum staðfesti annað en að skipta þurfi um stýrisdælu.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur bifreiðina vera gallaða í skilningi b-liðar 1. mgr. 19. gr. lkpl. Ljóst er samkvæmt gögnum málsins að seljandi var grandvís um nauðsynlega viðgerð á vökvastýri bifreiðarinnar sem hann upplýsti kaupanda ekki um við kaupin. Telur nefndin að um sé að ræða atriði sem verulegu máli skipta varðandi bifreiðina eða not hennar og álitsbeiðandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um. Verður ekki séð að álitsbeiðandi hafi vanrækt skoðunarskyldu sína með þeim hætti að áhrif hafi á rétt hans til að bera gallann fyrir sig.

Álitsbeiðandi hefur farið fram á að kaupin gangi til baka í samræmi við 39. gr. eða að seljanda verði gert að greiða viðgerðarkostnað vegna gallans. Þar sem kærunefndin telur ósannað að ætlaður viðgerðarkostnaður hlaupi á svo háum fjárhæðum sem álitsbeiðandi hefur haldið fram, enda liggur ekki fyrir nægilega nákvæm bilanagreining til að á því verði byggt, er það mat nefndarinnar að skilyrði til riftunar í samræmi við 39. gr. séu ekki uppfyllt, enda hafi ekki verið sýnt fram á að gallann megi meta til verulegra vanefnda, eins og skilyrði 1. mgr. 39. gr. til riftunar eru.

Samkvæmt álitsbeiðni hafnaði seljandi beiðni álitsbeiðanda um að seljandi stæði straum af viðgerðarkostnaði. Ekki hefur verið andmælt af hálfu seljanda í málinu og byggir kærunefndin því á því að seljandi hafi hafnað úrbótum. Í 3. mgr. 34. gr. lkpl. segir að ef seljandi fullnægi ekki þeirri skyldu sinni að bæta úr galla geti kaupandi krafist skaðabóta fyrir eðlileg útgjöld við að fá bætt úr galla. Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa álitur eðlilegt í ljósi málavaxta að seljandi borgi álitsbeiðanda skaðabætur að álitum. Telur nefndin eðlilega fjárhæð skaðabóta nema 150.000 kr.

VI

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, skaðabætur að fjárhæð 150.000 kr.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir